



Upplýsingar fyrir fyrirtæki og einstaklinga

# Kolefnisbinding með aðstöð náttúrunnar

[www.kolvidur.is](http://www.kolvidur.is)



# Hvað er Kolviður?

**Kolviður er óhagnaðardrifinn sjóður með næstum 20 ára reynslu af skógrækt til kolefnisbindingar.**

Sjóðurinn var stofnaður árið 2007 af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd til að binda koltvísýring ( $\text{CO}_2$ ) með skógrækt. Við viljum draga úr jarðvegseyðingu, auka líffræðilegan fjölbreytileika og endurheimta skógarvistkerfi á rýrum svæðum þar sem gróður hefur hopað vegna landnýtingar og loftslagsbreytinga.

Við viljum vekja athygli á nauðsyn þess að nýta náttúruna til að binda gróðurhúsalofttegundir, eins og koltvísýring. Kolefnisbinding með skógrækt er náttúruleg leið til að bregðast við loftslagsbreytingum, með virðingu fyrir umhverfinu og eflingu samfélagsins og landeigenda, með auknu verðmæti landsins.

Kolviður vinnur með hagsmunaaðilum í skógrækt, verktökum, landeigendum og kaupendum kolefnisbindingar til að tryggja að trén sem eru gróðursett séu sett niður á besta stað til að rækta heilbrigða skóga með skilvirkri bindingu kolefnis.

**Kolviður hefur verið í fararbroddi þegar kemur að kolefnisbindingu með skógrækt og var fyrstur til að bjóða upp á slíka bindingu kolefnis á Íslandi.**

Í maí 2024 fékk starfsemi okkar fullgildingu frá Bureau Veritas Co. UK samkvæmt alþjóðlega ISO-14064-2 staðlinum, einu ítarlegasta vottunarferli fyrir kolefnisbindingarverkefni í heiminum. Þessi fullgilding tryggir að vöktun og skráning okkar fyrir gróðurhúsalofttegundir er ströng, gagnsæ, nákvæm og samkvæm yfir tíma. Þetta er fyrsta fullgilding kolefnisbindingar með skógrækt samkvæmt þessum staðli á Íslandi.

Þessi vottun sýnir fram á skuldbindingu okkar til sjálfbærni og vilja okkar til að vinna að kolefnisbindingu með gagnsæi og ábyrgð að leiðarljósi.

17 ÁR

2+ MILLJÓNIR TRJÁA

190+ FYRIRTÆKI

1270+ HA LANDS

270.000+ TONN CO<sub>2</sub>





## KOLVIÐUR VINNUR FYRIR ÞIG

### Ferli Kolviðar

1. Fyrirtæki og einstaklingar kaupa kolefnisbindingu af Kolviði
2. Kaupendur fá staðfestingu á kaupum á kolefnisbindingu frá Kolviði
3. Samskipti við landeigendur
4. Skógræktarskipulag
5. Undirbúningur lands
6. Kaup trjáplantna af gróðrarstöðvum
7. Gróðursetning
8. Árleg vöktun, þar á meðal áburðargjöf, endurgróðursetning og mat á þrifum trjáa
9. Staðfesting með vottun á CO<sub>2</sub> bindingu

Til að tryggja góða lifun trjáa til kolefnisbindingar er gróðursett á mismunandi stöðum. Þess vegna er binding sem keypt er ekki endilega á einum stað.

### Með samningi við Kolvið færðu staðfestingu á keyptri kolefnisbindingu


Kolviður gerir samning við rekstraraðila um magn kolefnisbindingar.

Lögaðilar geta nýtt sér skattafrádrátt með framlögum til skógræktar og fleiri aðgerða til kolefnisjöfnunar og bindingar. Getur það að hámarki verið 0,85% af veltu þess árs sem framlagið er veitt. Þetta var sett í lög árið 2020 til að hvetja lögaðila til að styðja við landgræðslu, mótvægisáðgerðir við loftslagsbreytingum og endurheimt vistkerfa.

Kolviður heldur nákvæma skrá yfir alla seldar kolefniseiningar samkvæmt ISO 14064-2 staðli.

Tekjur af sölu kolefnisbindingar hjá Kolviði þjóna eingöngu því hlutverki að binda meira kolefni í jarðvegi og trjám.





Geitasandur hlaut árið 2024  
ISO-14064-2 vottun frá  
Bureau Veritas í Bretlandi fyrir  
kolefnisbindingu.

2007



2018

# AF HVERJU AÐ BINDA KOLEFNI MEÐ SKÓGRÆKT?

Losun gróðurhúsalofttegunda er ein stærsta áskorunin í sambandi við loftslagsbreytingar. Losunin er ein helsta orsök hækkandi hitastigs og þurrka, súrnunar sjávar og taps líffræðilegs fjölbreytileika. Til að stöðva þessi skaðlegu áhrif þurfum við að draga verulega úr kolefnislosun og binda kolefni á móti þeirri losun sem við komumst ekki hjá.

Eyðing skóga og landnýting í gegnum aldirnar hefur leitt til myndunar hrjóstrugs landslags, næringarsnauðs jarðvegs og afar viðkvæms gróðurs.

Þótt hinn svokallaði LULUCF geiri (Land Use, Land Use Change and Forestry) sé sá geiri sem losar einna mest af gróðurhúsalofttegundum hefur hann líka mikla möguleika til að vega upp á móti losuninni með bindingu.

Árið 2030 er áætlað að ávinningur af aðgerðum í landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis nemi um 1.248 þúsund tonnum CO<sub>2</sub>. Það er 512% aukning miðað við 2005 og 148% aukning miðað við 2018. Þetta er ástæðan fyrir því að í loftslagsstefnu íslenskra stjórnvalda frá 2020 eru skógrækt, landgræðsla og endurheimt vistkerfa talin lykilaðgerðir til að draga úr loftslagsbreytingum.

Meginmarkmið Íslands er að ná [kolefnishlutleysi árið 2040](#), en einnig að stöðva jarðvegseyðingu og eyðimerkurmyndum og stuðla að endurheimt gróðurs og líffræðilegs fjölbreytileika. Tré taka til sín kolefni og gefa frá sér súrefni þegar þau vaxa, sem gerir gróðursetningu trjáplantna að einni bestu leiðinni til kolefnisbindingar. Með því má breyta illa förnu landi, næringarsnauðu og með takmarkað dýralíf og gróður, í heilbrigt vistkerfi.

Skógrækt Kolviðar hefur fengið vottun samkvæmt ISO-14064-2 staðlinum og telst því loftslagsjákvæð, þar sem starfsemin er ekki bara kolefnishlutlaus heldur bindur hún meira kolefni en losað er við framkvæmdir. Skógarnir okkar veita að auki mikilvæga vistkerfisþjónustu, umfram kolefnisbindingu.

Skógrækt Kolviðar stuðlar ekki bara að kolefnisbindingu heldur hjálpar einnig við að takast á við afleiðingar gríðarlegrar og kerfisbundinnar skógarreyðingar. Þetta er flókið en mikilvægt verkefni og er talið með í loftslagsbókhaldi Íslands sem sent er til Sameinuðu þjóðanna, í samræmi við markmið Parísar-samkomulagsins frá 2015.

# HVERNIG VIRKAR KOLEFNISBINDING MEÐ GRÓÐURSETNINGU TRJÁA?

Eftir því sem skógar vaxa upp og byrja að endurnýjast halda þeir áfram að binda CO<sub>2</sub> tengt losun af mannavöldum, án frekari afskipta manna.

Með gróðursetningu trjáa í svarta sanda erum við að auka endurskinshæfni landsins. Endurskinshæfni er mælikvarði á eiginleika tiltekins yfirborðs til að endurvarpa þeirri sólargeislun/orku sem lendir á yfirborðinu (almennt séð á plánetuna). Því dekkra sem yfirborðið er því minni er endurskinshæfnin og því minna endurkastar það sólargeisluninni. Minni endurskinshæfni hefur bein áhrif á hækkun hita.

Auknir skógar þýða einnig meiri öndun plantna, sem ýtir undir skýjamyndun, eykur endurskin í andrúmsloftinu og dregur úr hækkun hitastigs.

Gróðursetning trjáa er því mikilvægt hjálpartæki við að draga úr gróðurhúsaáhrifum og varðveita endurskinshæfni jarðar, þótt auðvitað þurfi að gera margt fleira til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.

Jafnvel þótt þetta sé hægfara ferli þá tryggir skógrækt kolefnisbindingu til langs tíma, auk alls annars ávinnings sem skógar veita – til heilsubótar, verðmætra aukaafurða og verndunar vatnsauðlinda.

Gróðursett tré  
taka CO<sub>2</sub> upp úr  
andrúmsloftinu.

Tréð geymir  
kolefnið í nokkur  
ár.

Kolefnið sem  
tekið er upp fer í  
rótarkerfið.

Lauf, nálar og  
greinar falla til  
jarðar og brotna  
niður.

CO<sub>2</sub> sem tekið er  
upp af trénu flyst  
yfir í jarðveginn þar  
sem það er geymt  
til lengri tíma.



Sem óhagnaðardrifinn sjóður leggjum við metnað okkar í að skapa sjálfbærara og heilbrigðara samfélag og betra umhverfi.

Með því að vinna með Kolviði getur þú hjálpað okkur að berjast gegn loftslagsbreytingum og skapa sjálfbærara samfélag.

Framlag þitt til kolefnisbindingar á Íslandi mun hjálpa Íslandi að ná loftslagsmarkmiðunum sem sett voru með Parísarsáttmálanum árið 2015, í stað þess að teljast loftslagsbókhaldi annarra landa til tekna.

Þú tekur ekki aðeins þátt í að efla íslenska náttúru heldur mun framlag þitt skipta máli fyrir alla jörðina.

## TAKTU ÞÁTT MEÐ KOLVIÐI !

Kolviður - sjóður - Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík  
s. 551-8150 - [kolvidur@kolvidur.is](mailto:kolvidur@kolvidur.is) - [www.kolvidur.is](http://www.kolvidur.is)

Attachment to Validation Report Ref: 13806376\_v1.0

Bureau Veritas Certification Holding SAS UK Branch certifies that

**Kolviður - Icelandic Carbon Fund**  
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík, Iceland

Project boundary  
Geitasundur South project Rangárpíng Ytra Iceland, land no. 199603  
has been prepared, in all material respects, in accordance with the with ISO 14064-2 and the Iceland Carbon Fund Handbook detailing project requirements and GHG methodology.

**ISO 14064-2:2019**

| Validated projected removal enhancements                              |                                 |
|-----------------------------------------------------------------------|---------------------------------|
| Projected Greenhouse gas (GHG) emissions from the project (2013-2063) | 175 tonnes CO <sub>2</sub> e    |
| Projected carbon sequestration (2013-63)                              | 37,562 tonnes CO <sub>2</sub> e |
| Carbon sequestration in baseline scenario (2013-63)                   | 4,608 tonnes CO <sub>2</sub> e  |
| Net GHG removal enhancements 2013-2063                                | 32,779 tonnes CO <sub>2</sub> e |

The scope and methods for the quantification of greenhouse gases are stated in the Geitasundur South project documentation. The validation of the Geitasundur South project for Kolviður was conducted by Bureau Veritas Certification Holdings SAS -UK Branch, in accordance with the requirements specified in ISO 14064.3. The details of the validation carried out, the limitations and the degree of assurance are reported in the Validation Report.

Certificate No. UK 13806376 Version: No. 1.0 Issue date: 07-May-2024

Certification Body Address: 100 Lower Thames Street, London, EC3R 6DL, United Kingdom  
Further clarifications regarding the scope and validity of this certificate, and the applicability of the management system requirements, please call: +44 (0) 207 550 5998

Page 1 of 1



**KOLVIÐUR**